Arkitektar frá New York í Ásmundarsal

Í SAMVINNU Arkitektafélags Íslands og Menningarstofnunar Bandaríkjanna hefur borist hingað alþjóðlega farandsýningin „New York Architects" og hefst hún nk. laugardag kl. 17.00 í Ásmundarsal.

Sýningin er þverskurður af verkum síðmóderníska arkitekta frá New York; teikningum þeirra, ljósmyndum og líkönum og spannar vítt svið frá hönnun húsgagna til háhýsa.

Í fréttatilkynningu Arkitektafélags Íslands segir: „Meginhugmyndir arkitektanna tuttugu og tveggja er mynda sýningarhópinn endurspegla einkum ríka tilhneigingu til áframhalds nútímastefnunnar í arkitektúr þessarar aldar og ummyndun þeirra hefða sem henni hafa fylgt. Þó má einnig greina vangaveltur um hversu mikinn slagkraft þessi stefna hefur enn í dag og hvort orka hennar og aðferðir nægi til viðhalds þeirri gagnrýni og sköpun sem til áhrifa þarf í síbreytilegri veröld og þá sérstaklega New York.

Það má segja að sýning þessi sé jafnframt því að koma hugmyndum og gangrýni á framfæri viðleitni til að koma á mótvægi við arkitektúr glanstímaritanna, hvort sem um er að ræða afturhvarfssinnaðan og klisjugjarnan eftirmódernisma eða uppsprengdan þyrilhvít framúrstefnunnar.

Helsti forsprakki sýningarinnar, Rúmeninn Livio G. Dimitriu, hefur ritað inngangsorð í sýningarskrá og kennir þar margra grasa um jafn ólík efni og Richard Meier og spádóma Nostradamusar, byggingarlist rúmenska myndhöggvarans Constantin Brancusi og ofanvarpsteikningar Dr. Alberto Sartoris og túlkun hans á gildi þeirra sem ópersónulegs verkfæris í afstæðri veröld."

Sýningin er opin daglega frá 14.00-18.00 og 14.00-20.00 á laugardögum og sunnudögum. Henni lýkur 2. október.

(Fréttatilkynning)

Fimmta bókin komin út í ritsafni Laxness í Þýskalandi

SKÁLDSAGAN Gerpla eftir Halldór Laxness er komin út hjá bókaforlaginu Steidl í Göttingen í Þýskalandi og er hún fimmta bókin sem það forlag gefur út eftir Nóbelsskáldið. Hinar fyrri eru Vefarinn mikli frá Kasmír, Atómstöðin, Kristnihald undir Jökli og smásagnasafnið Sjö töframenn.

Gerpla ber í þýsku útgáfunni heitið Die Glücklichen Krieger. Hér er um að ræða endurskoðaða gerð þýðingar sem Bruno Kress gerði á sínum tíma. Umsjónarmaður útgáfunnar Hubert Seelow bjó bókina til prentunar eins og hinar fyrri og ritar eftirmála en Seelow þýddi sjálfur Vefarann mikla frá Kasmír og Sjö töframenn.

Samkvæmt upplýsingum frá Vöku-Helgafelli sem annast útgáfuréttarmál fyrir Halldór Laxness gagnvart erlendum bókaforlögum, er nú unnið að nýrri þýskri þýðingu Íslandsklukkunnar til útgáfu hjá Steidl-forlaginu jafnframt endurskoðun þýðinga nokkurra annarra bóka sem ákveðið er að komi í ritsafninu á næstu árum.

Tveir myndlistarmenn sýna á Kjarvalsstöðum

Myndlistarmennirnir Grétar Reynisson og Guðjón Ketilsson opna sýningar í austursal Kjarvalsstaða á laugardaginn kl. 16. Báðir útskrifuðust þeir frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1978. Þetta er í fyrsta sinn sem þeir félagar sýna verk sín saman, þ.e. tvær einkasýningar í sömu salarkynnum.

Guðjón stundaði framhaldsnám í Kanada og hefur síðan haldið átta einkasýningar og tekið þátt í samsýningum á Íslandi, í Kanada, Finnlandi, Svíþjóð og Sviss. Á sýningunni á Kjarvalsstöðum sýnir Guðjón málverk og tréskúlptúra sem hann hefur unnið síðastliðin þrjú ár.

Grétar dvaldi í Hollandi að loknu námi hér á landi. Þetta er níunda einkasýning Grétars en einnig hefur hann tekið þátt í samsýningum bæði hér heima og erlendis. Grétar hefur einnig gert á þriðja tug leikmynda í leikhúsum Reykjavíkur. Á sýningunni sýnir Grétar ný myndverk sín með olíu, akríl og blýanti á krossvið, striga, járn og pappír.

Sýningar Grétars og Guðjóns á Kjarvalsstöðum eru opnar daglega kl. 10-18 og standa til 6. október.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

garstjóri skoða nýja íþróttahúsið. Frá vinstri Kristján Óskarsson, Þórður sson, Aðalsteinn Helgason, Hallur Hallsson, Ómar Einarsson, framkvæmndaðs, Markús Örn Antonsson, borgarstjóri, Eysteinn Helgason, Ágúst Ingi Jónsingafulltrúi Reykjavíkurborgar.

AF INNLENDUM VETTVANGI

GUÐMUNDUR SV. HERMANNSSON

Atvinnutryggingarsjóður umdeildur allt frá stofnun

BYGGÐASTOFNUN hefur sent ríkisstjórninni 1,4 milljarða króna reikning vegna skuldbindinga Atvinnutryggingarsjóðs á næsta ári. Samkvæmt því staða sjóðsins mun verri en skýrslur Ríkisendurskoðunar hafa gefið til kynna. Þessi sjóður hefur verið umdeildur frá því hann var stofnaður og ljóst að svo verður áfram í ljósi þessarar stöðu. Hér á eftir verður stiklað á stóru í sögu Atvinnutryggingarsjóðs.

Atvinnutryggingarsjóður atvinnugreinanna var settur á stofn með bráðabirgðalögum, sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar setti þegar hún tók við 28. september 1988. Sú ríkisstjórn tók við á miðju kjörtímabili, eftir að stjórn Þorsteins Pálssonar sprakk vegna deilna um efnahagsaðgerðir.

Þá um sumarið var ljóst að miklir erfiðleikar voru yfirvofandi í sjávarútvegi og raunar öðrum útflutningsgreinum. Ráðgjafarnefnd um efnahagsaðgerðir, undir stjórn Einars Odds Kristjánssonar forstjóra á Flateyri, hafði lagt til að farin yrði svonefnd niðurfærsluleið, þ.e. verðlag og laun yrðu lækkuð með stjórnvaldsaðgerðum til að draga úr kostnaði fyrirtækja og verðbólgu. Ríkisstjórnin náði ekki samkomulagi um þá leið. Sjálfstæðisflokkurinn vildi þá fella gengið, en hinir tveir sjórnarflokkarnir, Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur, höfnuðu því og vildu frekar fara einskonar millifærsluleið, þ.e. að færa fjármuni til útflutningsgreinanna gegnum skattheimtu og skuldbreytingu.

Atvinnutryggingarsjóðnum var ætlað að leysa úr fjárhagsvanda fyrirtækja íútflutningsgreinum með lánum og skuldbreytingum. Samkvæmt bráðabirgðalögunum átti sjóðurinn að fá tvo milljarða króna til ráðstöfunar á næstu tveimur árum. Þar af átti milljarður að koma sem framlag úr ríkissjóði, en milljarð átti að taka að láni í útlöndum.

Þá var sjóðnum heimilt að hafa milligöngu um skuldbreytingu á allt að 5 milljarða af lausaskuldum útflutningsfyrirtækja, með því að taka við skuldabrfum frá fyrirtækjum íútflutningsgreinum og gefa á móti út skuldabrf til lánardrottna þeirra.

Formannssæti úthlutað í stjórnarmyndunarviðræðum

Sjóðurinn varð umdeildur áður en hann var stofnaður, því í stjórnarmyndunarviðræðunum var ákveðið að formannssæti í stjórn sjóðsins kæmi í hlut stjórnmálasamtaka Stefáns Valgeirssonar sem var aðili að ríkisstjórninni. Tilvonandi stjórnarandstaða gagnrýndi að stjórn sjóðsins væri verslunarvara í stjórnarmyndunarviðræðum og hafnaði síðar að skipa menn í stjórnina þótt það stæði henni til boða. Stefán Valgeirsson valdi Gunnar Hilmarsson sveitarstjóra á Raufarhöfn sem formannsefni sjóðsins.

Sjóðurinn fékk inni í Byggðastofnun fyrir starfsemi sína en tengist henni ekki að öðru leyti. Í reglugerð sjóðsins, sem sett var skömmu síðar er það sett sem skilyrði fyrir lánveitingau eða skuldbreytinga, að grundvöllur teljist vera fyrir rekstri þeirra að loknum skipulagsbreytingum á fjárhag. Þessu var síðar breytt þannig að grundvöllur yrði að vera fyrir rekstrinum þegar til lengri tíma væri litið.

Í reglugerðinni kom einnig fram að skuldbreytingar hans áttu að fara fram með þeim hætti, að fyrirtæki gæfu út skuldabrf til sjóðsins, með þeirri fjárhæð sem lánardrottnar hefðu samþykkt að skuldbreyta, allt til 10 ára. Atvinnutryggingarsjóður gæfi síðan sðan aftur út skuldabrf til lánardrottna, allt til 6 ára. Vaxtamunur átti að vera 1%, sjóðnum í hag.

Auglýst var eftir umsóknum um skuldbreytingarlán og fjöldi fyrirtækja sótti um. Fyrsta afgreiðsla sjóðsins var í lok nóvember, þá til 10 fyrirtækja. Á meðan voru bráðabirgðalögin um sjóðinn enn óafgreidd á Alþingi þar sem óvíst var hvort þau, og þar með ríkisstjórnin, hefðu tilskilinn meirihluta í neðri deild.

Kvennalistinn og Sjálfstæðisflokkur lýstu yfir andstöðu við lögin og Atvinnutrygingarsjóð sérstaklega og lögðu til að í hans stað yrði stofnuð srstök rekstrardeild við Byggðastofnun, til að treysta fjárhagsstöðu fyrirtækja íútflutnings- og samkeppnisgreinum. En þegar fyrstu atkvæðagreiðslur um lögin fóru fram á þingi rétt fyrir jól, voru þau studd af einstökum þingmönnum Borgaraflokksins og þá varð ljóst að stjórnin héldi velli.

Sjóðurinn fær ríkisábyrgð

Bráðabirgðalögin voru ekki afgreidd endanlega fyrr en í byrjun mars, og í millitíðinni voru gerðar á þeim nokkrar breytingar varðandi Atvinnutryggingarsjóð. Ein kom í kjölfar mikilla umræðna um hvort skuldabréf sjóðsins væru nægilega trygg, en í upphafi sagði í bráðabirgðalögunum að sjóðurinn bæri ábyrgð á útgefnum skuldabréfum með eignum sínum. Lífeyrissjóðum og bönkum þótti þetta ekki nægileg trygging og til að koma í veg fyrir há afföll af skuldabréfunum, breytti ríkisstjórnin bráðabirgðalögunum um miðjan janúar þannig að tekin voru af öll tvímæli um að rkissjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins og greiddi þær ef eignir og tekjur hrykkju ekki til.

Þá var Hlutafjársjóður settur á stofn með breytingu á bráðabirgðalögunum í febrúar. Í janúarlok var ljóst að eiginfjárstaða margra fyrirtækja var svo slæm að þau fengju ekki fyrirgreiðslu í Atvinnutryggingarsjóði. Ríkisstjórnin lagði þá til að stofnaður yrði sjálfstæður hlutafjársjóður vegna þeirra fyrirtækja sem Atvinnutryggingarsjóður vísaði frá. Sjóðurinn átti m.a. að kaupa hlutabréf í starfandi fyrirtækjum og hafa milligöngu um að breyta skuldum í hlutafé.

Hugmynd um hlutafjársjóð hafði komið fram í nefndaráliti Sjálfstæðisflokks og Kvennalista fyrr um veturinn, e þar var lagt til að stofnaður yrði hlutafjársjóður við Byggðastofnun, sem keypti hlutabrf í fyrirtækjum í tengslum við fjár hagslega endurskipulagningu þeirra eða samruna fyrirtækja. En þegar ríkisstjórnin lagði svo fram tillögu um stofnun sjálfstæðs hlutafjársjóðs á Alþingi um miðjan febrúar lýstu talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna því yfir að með henni væri verið að gera hlutafjársjóð að ruslakistu fyrir þá sem ekki uppfylltu skilyrði Atvinnutryggingarsjóðs.

400 fengu 8,7 milljarða

Haustið 1989 var Atvinnutryggingarsjóði heimilað að taka 900 milljóna króna erlent lán til viðbótar því sem lög um hann sögðu fyrir um. Í febrúar 1990 skilaði Ríkisendurskoðun skýrslu um sjóðinn, þar sem talið var að um 15-20% útlána sjóðsins, eða 1,5 til 2 milljarðar króna, gætu verið tapað fé. Þá væru greiðsluerfiðleikar fyrirsjáanlegir, jafnvel þótt engin útlán töpuðust, vegna þess tímamunar sem var á skuldabrfunum, sem sjóðurinn gaf út, og bréfunum sem sjóðurinn tæki við. Gunnar Hilmarsson véfengdi þessar tölur og sagði trygg veð vera fyrir útlánum.

Um síðustu áramót hætti Atvinnutryggingarsjóður starfsemi og Byggðastofnun tók við innheimtu á útlánum hans, um leið og sjóðurinn var gerður að deild í Byggðastofnun. Alls fengu 398 fyrirtæki og einstaklingar lán úr sjóðnum, samtals að fjarhæð 8,7 milljarðar. Í sumar skilaði Ríkisendurskoðun svo annari skýrslu um sjóðinn, þar sem kom fram, að vanskil á endurgreiðslun lántaka til sjóðsins væru tæplega 50% þótt þær endurgreiðslur fælust að langmestu leyti einungis í vaxtagreiðslum þar sem lánin voru afborgunarlaus fyrstu tvö árin.

Ríkisendurskoðun áætlaði að afskrifa mætti um 1,8 milljarða af lánum sjóðsins, sem svarar til 15-20% útlánanna. Miðað við það taldi Ríkisendurskoðun, að greiðslustaða sjóðsins yrði samtals neikvæð um nálægt 500 milljónir króna og við það mætti bæta 400 milljóna króna stofnframlagi ríkissjóðs þannig að heildartap sjóðsins yrði um 900 milljónir króna.

Ríkisendurskoðun taldi að sjóðurinn, sem nú var orðinn atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar, myndi þurfa á viðbótarfjármagni að halda til að mæta greiðsluvanda á næstu árum, m.a. vegna mismunandi lánstma og afborgunarskilmála inn- og útlána Atvinnutryggingarsjóðs, jafnvel þótt gert sé ráð fyrir að allir lánþegar sjóðsins standi í skilum. Væri tekið mið af áætluðu útlánatapi myndi greiðslustaðan versna enn frekar.

Byggðastofnun tók undir þessar niðurstöður Ríkiendurskoðunar í greinargerð sem send var forsætisráðherra 5. september sl. Þar kom fram að þörf væri á 1,4 milljarða króna framlagi úr ríkissjóði þegar á næsta ári til að mæta skuldbindingum sjóðsins. Þá sé ólíklegt að vaxtamunur sjóðsins verði jákvæður þegar fram í sækir, og því verði tap ríkisins vegna sjóðsins meira en Ríkisendurskoðun reiknaði með.